

SAMBAND SVEITARFÉLAGA Á SUÐURNESJUM

Skógarbraut 945 • 235 Reykjanesbær • Kt. 640479-0279
Sími 420 3288 • Netfang sss@sss.is

757. fundur

Árið 2020, er fundur haldinn í stjórn Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum
mánudaginn 15. júní, kl. 8:00 á skrifstofu S.S.S., Skógarbraut 945, 262 Reykjanesbæ.

Mætt eru: Einar Jón Pálsson, Kolbrún Jóna Pétursdóttir, Hjálmar Hallgrímsson, Birgir
Örn Ólafsson og Berglind Kristinsdóttir sem jafnframt ritaði fundargerð.


Einar Jón Pálsson setti fund og bauð fundarmenn velkomna á fundinn.

Dagskrá:

- 1. Suðurnes – Stöðumat og aðgerðaáætlun um eflingu þjónustu ríkisins.**
Stjórn S.S.S fagnar skýrslunni og tekur undir með starfshópnum sem vann skýrsluna sem segir m.a. leggur til að viðkomandi fagráðuneyti skoði og meti nánar fjárframlög til einstakra stofnanna á Suðurnesjum við fjárlagagerð 2021 og vinnslu fjármálaáætlunar yfirstandandi árs. Þannig verði strax hægt að greina úrbótatækifæri af hálfu ríkisvaldsins m.a. í formi hærri fjárveitinga sem taki mið af íbúavexti og umfram allt hlutlægu mati á þjónustupörf.
- 2. Tölvupóstur dags 28.05.2020 frá Samgöngu – og sveitarstjórnarráðuneytinu v. aðgerðaráætlunar fyrir Suðurnes.**
Í aðgerðaráætluninni eru tilgreind 17 verkefni og er verkefnafé samtals 250 mkr. Af þeim fjármunum er gert ráð fyrir einu stöðugildi hjá S.S.S. til 12. mánaða.

Stjórn S.S.S. veitir framkvæmdastjóra heimild til að ráða starfsmann sem og að undirrita viðaukasamning Sóknaráætlunar Suðurnesja fyrir hönd S.S.S. vegna verkefnanna 17 sem tilgreind eru í aðgerðaráætluninni.
- 3. Fundargerð Bygginganefndar um viðbyggingu Fjölbrautaskóla Suðurnesja nr. 10, dags. 27.05.2020.**
Opnun tilboða í viðbyggingu FS. Fimm tilboð bárust og voru fulltrúar fjögurra fyrirtækja á staðnum á meðan að tilboð voru opnuð. Eftirfarandi tilboð bárust:
a) Húsagerðin kr. 151.011.400.-
b) TSA kr. 162.684.962.-
c) Arnarhvoll kr. 179.645.131.-

HJP
BJP
EJP
BN



SAMBAND SVEITARFÉLAGA Á SUÐURNESJUM

Skógarbraut 945 • 235 Reykjanesbær • Kt. 640479-0279
Sími 420 3288 • Netfang sss@sss.is

- d) IAV kr. 184.315.585.-
- e) Viðskiptavit kr. 193.839.130.-

Kostnaðaráætlun nam kr. 147.335.000.-

Engar athugasemdir voru gerðar við útboðið eða opnun tilboða og var tilkynnt að farið yrði yfir tilboð og niðurstöður sendar bjóðendum.

Stjórn S.S.S. veitir formanni heimild til að undirrita samning við lægst bjóðanda, Húsagerðina vegna viðbyggingar við F.S.


4. *Tölvupóstur frá nefndarsviði Alþingis, dags. 30.05.2020. Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins, 843. mál. <https://www.althingi.is/alttext/150/s/1490.html>*
Lagt fram.
5. *Fundargerð Reykjanes Unesco Geopark nr. 55, dags. 15.05.2020.*
Lagt fram.
6. *Fundargerð Heklunnar nr. 77, dags. 15.05.2020.*
Lagt fram.
7. *Húsnæðismál.*
Fyrir liggur samþykkt kauptilboð í núverandi skrifstofuhúsnæði Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum, Skógarbraut 945, Reykjanesbæ.

Stjórn Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum samþykkir hér með að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga allt að fjárhæð 87 mkr., til 15 ára. Er lánið tekið til að fjármagna kaup á Skógarbraut 945, 262 Reykjanesbæ. Verkefnið fellur undir lánshæf verkefni, sbr. 3.gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Jafnframt er Berglindi Kristinsdóttur, kt. 111069-3369, framkvæmdastjóra S.S.S., veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum að undirrita lánessamning við Lánasjóð sveitarfélaga og til að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari.

Til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu láns þessa, ásamt vöxtum og kostnaði stendur einföld óskipt ábyrgð Reykjanesbæjar, Suðurnesjabæjar, Grindavíkurbæjar og Sveitarfélagsins Voga, sbr. heimild í 2.mgr. 69 gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og setur sveitarfélagið til tryggingar tekjur sínar sbr. 2. mgr. 68.gr. sömu laga.

KJP JON
H.H. Bð EJP



SAMBAND SVEITARFÉLAGA Á SUÐURNESJUM

Skógarbraut 945 • 235 Reykjanesbær • Kt. 640479-0279
Sími 420 3288 • Netfang sss@sss.is

8. Önnur mál.

Endurskoðun Byggðaáætlunar.

Formaður og framkvæmdastjóri S.S.S. sögðu frá fundi sem fram fór þann 11. júní og markaði upphaf endurskoðunar Byggðaáætlunar.

Samstarfsnefnd um úttekt á flugvelli Hvassahrauni.

Kolbrún Jóna og Birgir Örn sögðu frá fyrsta fundi nefndar um flugvöll í Hvassahrauni. Fundurinn var haldinn í síðustu viku.


Upplýsingar frá Vegagerðinni varðandi almenningsamgöngur.

Vinnu við útboðsgögnin er nú lokið hjá Vegagerðinni og birtast þau vonandi á útboðsvef Vegagerðarinnar fljótlega. Niðurstaða Vegagerðarinnar var sú að halda þessu að mestu leyti óbreyttu frá fyrra horfi til að byrja með til að halda þessu gangandi.

Útboðinu verður skipt í fjóra verkhluta, Vestur- og Norðurland, Norður- og Norðausturland, Suðurland og Suðurnes þar sem heimilt er að bjóða í einstaka verkhluta eða alla fjóra.


Boðið verður út til 3 ára með möguleika á framlengingu um 2 ár, 1 ár í senn.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 8:45.


Einar Jón Pálsson


Kolbrún Jóna Pétursdóttir


Hjálmar Hallgrímsson


Birgir Örn Ólafsson


Berglind Kristinsdóttir